

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1870—71.

1870
30. apríl.

Um leið og stjórnarráðið sendir yður, herra stiptamtmaður, eitt exemplar af lögum 29. f. m. um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1870—71, ásamt útdráttar-epírriti af athugasemdum við frumvarp til fjárhagslaga fyrir tæð fjárhagsár, 20. gr. VI. A 1, 2 og 3, verður yður hér með bent á, að lögin aðeins leyfa nauðsynleg útgjöld, sem uppá koma, og á fyrirskipanir þær um útborgun embættismannalauna og fl., sem getið er um í bréfi stjórnarráðsins 20. febrúar 1866¹; skal þess enn framfar getið, að síðar mun vísbending verða gefin bæði um útborgun launaviðbóta, sem embættismönnum ber á þessu fjárhagsári, samkvæmt lögum 26. f. m., og um hinar nýju gjaldagreinir, sem á að bæta inn í frumvarp til fjárhagslaganna, að svo miklu leyti sem snertir suður-umdæmið.

Um leið og stjórnarráðið mælist til þess, að þér kunnngjöríð hlutaðeigendum það sem með þarf, samkvæmt þessu, skal þess getið, að landfógetanum hefir verið skrifað í dag um þetta mál, og vísbending gefin hinum amtmönnum á Íslandi, að því leyti þá sjálfa snertir og þá embættismenn, sem eru í þeirra umdæmum.

Með því að sú heimild, sem með tæðum lögum er veitt stjórninni, ekki nær útyfir þenna mánuð, og ríkisþingið er ekki búíð að ræða frumvarpið til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið 1870—71, skal þess að endingu getið, að konungur hefir í dag staðfest lög, er láta þessa heimild stjórnarinnar ná til 31. maím. þ. á.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um hina nýju lyfjavog og lyfjaskrá.

30. apríl.

Um leið og stjórnarráðið sendir yður (tit.) nokkur exemplr af auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 5. f. m. um, hvenær opið bréf

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 308.

1870.
30. apríl.

handa Íslandi 11. desembr. 1869¹, um aðra skiptingu á lyfjavog-
inni, skuli öðlast gildi, og um, að hin nýja lyfjaskrá skuli leidd inn
á Íslandi, eru látin meðfylgja 8 exemplör af þremur umburðar-
bréfum frá hinu konunglega heilbrigðisráði um það, að innleiða
nýja lyfjaskrá og lyfjavog, til útbýtingar milli lækna og lyfsala í
yðar umdæmi, og enn 2 exemplör af niðurjöfnunartöflu frá heil-
brigðisráðinu, sem lyfsalar, er þeir afgreiða læknisfyrirsagnir,
sem eru ritaðar fyrir 1. júlím. 1870 (á Íslandi fyrir 1.
janúarm. 1871) eiga að fara eptir, til þess að koma við nýju
voginni, handa lyfsalanum í Reykjavík (Stykkishólmi, Akureyri).
Ennfremur sendir stjórnarráðið yður 4 exemplör af auglýsingu
dómsmálastjórnarinnar 14. júní 1869 um vogarlöd þau, sem sam-
kvæmt lögum um aðra skiptingu á lyfjavoginni, 14. febrúar 1868,
og konunglegri reglugjörð 12. maí 1869 eru útgengin frá mæli-
stofunni í Kaupmannahöfn, til útbýtingar handa lyfsölum og þeim
læknum, sem sjálfir láta af hendi lyf í suðurumdæminu (vesturum-
dæminu, — norður- og austurumdæminu).

28. maí.

**37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins
yfir Íslandi, um skyldu læknis á Vestmannaeyjum til
að kaupa lyf sín í lyfjabúðinni í Reykjavík.**

Útaf bænarskrá þeirri, sem getið er um í bréfi yðar, herra
stiptamtmaður, 19. janúar þ. á., að héraðslæknirinn á Vestmanna-
eyjum sækir um leyfi til að kaupa lyf þau í Kaupmannahöfn, sem
hann sjálfur lætur af hendi til lækninga, í stað þess að taka
þau hjá lyfsalanum í Reykjavík, eins og hann er skyldugur til, er
yður hérmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér
kunngjöríð það, að þetta leyfi ekki getur orðið veitt.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 831.